

Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun, en rikissjóður kr. 200.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. október 1961.

Nr. 13/1960. **Sigurður Sigurðsson** (Áki Jakobsson hrl.)

gegn

**Guðmundi Sigurðssyni**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodor B. Línal.

Útburðarmál.

### Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1960. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang útburðargerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu úrskurðar fégeta hefur margs háttar gagnasöfnun farið fram í bæjarþingsmáli málsaðilja, og hafa þau gögn verið lögð fyrir Hæstarétt í máli þessu. Þessi gögn eru þó eigi fullnægjandi til að hnekkja þeim rétti, er stefndi sem skráður eigandi nefndrar íbúðar samkvæmt þinglýsingarþókum og öðrum opinberum skjölum hefur til að segja upp afnotum íbúðarinnar. Ber því að staðfesta úrskurð fégeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í Hæstarétti.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.  
Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

## Úrskurður fógætadóms Reykjavíkur 4. janúar 1960.

Gerðarbeiðandi, Guðmundur Sigurðsson, búsettur í Keflavík, hefur krafizt þess, að gerðarþoli, Sigurður Sigurðsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur að undanfögnu haft til afnota í húsinu nr. 33 við Bergþórugötu. Gerðarbeiðandi hefur krafizt þess, að gerðarþola verði gert að greiða sér málskostnað.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fógæta-gerðar og krafizt þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Mál þetta er tekið undir úrskurð, að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 20. nóvember s.l.

Samkvæmt veðbókarvottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, er gerðarbeiðandi máls þessa, Guðmundur Sigurðsson, eigandi 2. hæðar húseignarinnar nr. 33 við Bergþórugötu. Í íbúð þessari hefur gerðarþoli, Sigurður Sigurðsson, faðir gerðarbeiðanda, hafzt við undanfarin ár.

Í máli þessu liggur fyrir sem rskj. nr. 2 uppsögn, dagsett 21. janúar 1959, en þar segir gerðarbeiðandi gerðarþola upp afnotum húsnæðisins frá og með 14. maí s. á. Er þessi uppsögn birt fyrir gerðarþola af stefnuvottum hinn 24. janúar 1959.

Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 25. maí s.l., krefst gerðarbeiðandi útburðar á gerðarþola, með því að hann hafi ekki orðið á brott úr húsnæðinu þrátt fyrir löglega uppsögn.

Gerðarþoli heldur því fram, að uppsögnin á rskj. 2 sé markleysa og að réttur gerðarbeiðanda í þessu máli sé einnig á annan hátt ekki svo eindreginn, að útburðarkrafa þessi geti náð fram að ganga.

Málsútlitun hans er á þessa leið:

Hinn 28. febrúar 1939 hafi Bertel nokkur Andrésson selt móðurföður gerðarbeiðanda húseignina nr. 44 við Njálsgötu. Vegna annarlegra atvika hafi afsal Bertels fyrir eigninni verið látið hljóða á nafn Ásgeirs nokkurs Halldórssonar. Sjá hér rskj. nr. 5. Nú hafi móðuramma gerðarbeiðanda látizt sumarið 1939, og hafi þá dætur hennar tvær gert kröfu til þess að fá sinn arfahluta greiddan úr dánarbúinu, en aðrar eignir voru þar ekki fyrir hendi en nefnd fasteign. Þá kveðst gerðarþoli hafa keypt

erfðahluta þeirra tveggja í eigninni og greitt þeim hann í peningum, og þannig hafi hann eignast  $\frac{3}{8}$  hluta eignarinnar, er með sé talinn arfahluti konu hans. Kveðst gerðarþoli nú hafa farið þess á leit við ekkilinn, Guðmund Helgason, tengdaföður sinn, að fá keyptan hans hlut í húseigninni, en Guðmundur hafi ekki viljað selja, en kvaðst heldur vilja gefa syni gerðarþola, sem nú er gerðarbeiðandi þessa útburðarmáls, eignarhlutann. Guðmundur hafi svo fengið ofanefndan Ásgeir Halldórsson til þess að gefa gerðarbeiðanda, þá tveggja ára gömlum, afsal fyrir eignarhlutanum. Afsal þetta er gefið út hinn 12. febrúar 1942, og hefur verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 6. Gerðarþoli kveðst hafa tekið við afsalinu sem lögráðamaður drengsins og eftir það annast rekstur fasteignarinnar og greitt afborganir og vexti af áhvílandi skuldum.

Hinn 7. september 1950 hafi svo húseignin Njálsgata 44 verið seld fyrir kr. 120 þúsund, en fyrir 110 þúsund krónur af þeirri fjárhæð hafi 2. hæð hússins Bergþórugötu 33 verið keypt, sbr. rskj. nr. 7 og 8.

Kveðst gerðarþoli nú líta svo á, að þrátt fyrir það þótt afsalið fyrir Bergþórugötu 33 hafi verið látið hljóða á nafn gerðarbeiðanda, sjá rskj. 8, séu þeir aðiljarnir í raun réttir sameigendur að óskiptu að eignarhlutanum. Bendir gerðarþoli sérstaklega á, að hann hafi á sinni tíð verið eigandi hluta hússins Njálsgötu 44, en fyrir söluverð þeirrar eignar hafi íbúðin á Bergþórugötu 33 verið keypt. Þannig sé eignarrétti gerðarbeiðanda svo varið, að uppsögn hans á rskj. 2 verði að teljast með öllu marklaus.

Af hálfu gerðarbeiðanda er þessari málsútlitun gerðarþola mótmælt. Á það er bent, að gerðarþoli hafi á skattframtölum sínum ekki talið sig eiga neinn hluta húseignarinnar Bergþórugötu 33. Enn frekar á það, að gerðarþoli hafi haft ótalmörg tækifæri til að láta það koma fram, að hann teldi sig eiga hluta af húseignunum, ef svo hefði í raun og veru verið. Hann hafi og talið eignarhlutann í Bergþórugötu fram til skatts sem eign gerðarbeiðanda, sbr. framtöl, sem lögð hafa verið fram í málinu.

Umboðsmaður gerðarþola hefur lagt fram sem rskj. 16 stefnu til bæjarþings Reykjavíkur. Þar krefst gerðarþoli þess, að gerðarbeiðanda verði gert að afsala sér íbúð á 2. hæð hússins nr. 33 við Bergþórugötu gegn greiðslu á hálfu kaupverði íbúðarinnar, en til vara hálfu verðmæti hennar samkvæmt mati. Krefst umboðsmaður gerðarþola þess, að synjað verði um útburðargerðina vegna þessarar málshöfðunar fyrir bæjarþinginu.

Með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málnu, sbr. sérstaklega veðbókarvottorðið og framtöl aðiljanna, þykir ekki verða hjá því komizt, að taka útburðarkröfuna til greina. Verður ekki litið svo á, að málshöfðun gerðarþola fyrir bæjarþingi Reykjavíkur breyti neinu í þessu efni. Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

**Því úrskurðast:**

Umbeðin útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

---

Mánudaginn 16. október 1961.

**Nr. 190/1960. Sigurður Jóhann Ingibergsson**

(Hörður Ólafsson hdl.)

gegn

**Vélsmiðjunni Héðni h/f**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Skaðabótakrafa.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. nóvember 1960 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 284.188.44 með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1958 til 21. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað i héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.